

Nd.

725. Breytingartillögur

við frv. til l. um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Við 1. gr.
 - a. Á eftir orðinu „leggja“ komi: mánaðarlega eftir á.
 - b. Í stað „15%“ komi: 25%.
 - c. Á eftir orðunum „sérstakan reikning“ komi: nýbyggingarreikning.
 - d. Á eftir orðinu „erlendis“ komi: til viðbótar því, sem nú er á þeim reikningi eða samkvæmt lögum á að vera greitt inn á hann.
 - e. Við greinina bætist: samkvæmt nánari ákvörðun fjárhagsráðs og í samræmi við áætlanir þess.
2. Við 2. gr.
 - a. Í stað 2. málslíðar 1. málsgreinar og upphafs 2. málsgreinar komi:

Hlutverk ráðsins skal vera að semja og framfylgja heildaráætlunum um þjóðarbúskap Íslendinga. Séu áætlanir ráðsins tvenns konar:

 1. Áætlanir um nýsköpun islenzka atvinnulífsins fyrir ákveðin tímabil, 5—10 ára, eftir nánari ákvörðun laga þessara, ríkisstjórnar og ráðsins.
 2. Áætlanir fyrir eitt ár í senn um allan þjóðarbúskapinn.

Til þess að ná þeim tilgangi, sem lög þessi mæla fyrir um, að stefna skuli að með framkvæmd áætlana þessara, skal ráðið samræma og efla framtak jafnt einstaklinga, samvinnufélaga, sveitarfélaga og ríkisstofnana. Höfuðmarkmið ráðsins skal vera að tryggja sem fullkomnasta hagnýtingu auðlinda, framleiðslutækja, vinnuafls og fjármagns þjóðarinnar á grundvelli beztu rannsókna á þessum sviðum, sem hægt er að gera á hverjum tíma. Að öðru leyti skal ráðið miða störf sín við eftirfarandi:
 - b. Við 2. gr. 2. Orðin „vinnandi“ í byrjun málsgreinarinnar og „óeðlileg“ í lok hennar falli burt.
3. Við 3. gr.
 - a. 3. málsgr. orðist svo:

Fjárhagsráð semji fyrir ár hvert heildaráætlun um útflutning og innflutning þess árs, magn og verðmæti, svo og um, til hvaða landa útflutningurinn fari og frá hvaða löndum innflutningurinn komi. Skal áætlun þessi miðast við það að hagnýta sem bezt markaðsmöguleika og fullnægja sem hagkvæmast innflutningsþörf landsmanna. Mánaðarlega skal ráðið endurskoða áætlun þessa og breyta henni svo sem nauðsynlegt kann að vera vegna viðskipta við útlönd og gjaldeyrisástands þjóðarinnar.
 - b. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Fjárhagsráð skal um samning og framkvæmd útflutnings- og innflutningsáætlana sinna alveg sérstaklega stefna að því að afstýra því að atvinnulíf landsmanna verði fyrir kreppum, markaðsvandræðum og verðhruni, en beita sér fyrir því, að afkomuöryggi landsmanna verði tryggt með útvegum örugggra framtíðarmarkaða, m. a. með því að samið verði til nokkurra ára í senn um sölu afurða og kaup erlendra vara.
4. Á eftir 3. gr. komi eftirfarandi nýjar greinar, og breytist greinatalan samkvæmt því:
 - a. (4. gr.) Á sviði sjávarútvegsins skal stefna fjárhagsráðs vera sú að ljúka fram að 1951 við höfuðframkvæmdir á því sviði og þá fyrst og fremst þessar:
 1. Öflun minnst 20 nýrra togara, þannig að Íslendingar eigi 1951 eigi færri en 75 togara.
 2. Koma upp fiskiðjuverum ríkisins á Hornafirði, Vestmannaeyjum, Ísafirði og einum stað á Suðurnesjum.

3. Stuðla að uppkomu fiskiðjuvera bæjarfélaga og samvinnufólaga fiskimanna á nokkrum öðrum hentugum stöðum.
4. Koma upp lýsisherzluverksmiðju ríkisins.
5. Koma upp síldarniðursuðu- og niðurlagningarverksmiðju ríkisins.
6. Koma upp tunniverksmiðjum þeim, sem ákveðið hefur verið að reisa á Siglufirði og Akureyri.
7. Koma upp síldarverksmiðju austan Langaness.
8. Stuðla að uppkomu hraðfrystihúsa og fiskimjólsvinnslu og að útvegnum tækja til hagnýtingar aflans á þeim stöðum, sem þess er þörf að áliti ráðsins.
9. Stuðla að uppkomu hafna og verbúða í samræmi við þörf og staðsetningu fiskiflotans.

Fjárhagsráð skal haga áætlunum sínum á öðrum sviðum atvinnulífsins í samræmi við það, að höfuðverkefninu um efling fiskiskipastóls og fiskiðnaðar sé lokið í bráð með þeim framkvæmdum, sem hér er gert ráð fyrir.

Fjárhagsráð skal hafa samstarf við samtök fiskimanna, sjómanna sem útvegsmanna, um ákvörðun og framkvæmd áætlana þessara.

- b. (5. gr.) Fjárhagsráð skal undirbúa sem eitt aðalverkefni sitt uppkomu stóriðju í landinu á grundvelli ódýrrar raforku, og skal því leggja höfuðáherzlu á að láta fram fara nauðsynlegar undirbúningsrannsóknir og tilraunir, til þess að hægt verði á árabílinu 1950—55 að reisa slík raforkuver, er geti framleitt orkuna ódýrast og svo mikla, að hún nægi jafnt til sköpunar stóriðju hér sem til reksturs vélrekins landbúnaðar og fiskiðju. Skal hvort tveggja athugað til hlítar: að reisa stærstu vatnsvirkjunarstöð, er völ sé á með tilliti til framleiðslu mikillar ódýrrar orku sem og að hagnýta gufuhverina og jarðhitann í framleiðsluþarfir. Sérstaklega ber fjárhagsráði að sjá um, að viðkomandi ríkisstofnanir láti rannsaka til fulls virkjunarskilyrði við Urriðafoss í Þjórsá.

Þá skal ráðið annast rannsóknir á því, hverjum greinum stóriðju sé vænlegast að koma hér upp, bæði til framleiðslu fyrir innlendan markað (svo sem áburðarverksmiðju) og til útflutnings, og skulu í því sambandi einnig rannsakaðir möguleikar til innflutnings hráefna til þess að vinna úr hér, svo og vinnslu hvers konar efna úr sjó.

Ráðið skal að öðru leyti, hvað innlendan iðnað snertir, leggja áherzlu á, að upp komi sem fyrst sementsverksmiðja, er fullnægi þörfum landsmanna, og nægar verksmiðjur til þess að vinna úr allri ull, sem hér er framleidd. Á sviði þess iðnaðar, sem fyrir er, skal stefnt að því, að hagnýtt sé til fullnustu framleiðslugeta hverrar verksmiðju, þótt samfærsla framleiðslunnar í eina verksmiðju hljótist þar af, enda sé þess gætt, að hagsmunum þjóðarheildarinnar verði þannig bezt borgið.

Fjárhagsráð skal hafa samráð um samninga og framkvæmd áætlana þessara við samtök atvinnurekenda sem launþega í iðnaði og samtök sérfræðinga og áhugamanna í þessum greinum.

- c. (6. gr.) Fjárhagsráð og Búnaðarfélag Íslands skulu í sameiningu gera rannsókn á núverandi ástandi og þróun íslensks landbúnaðar og áætlun um þróun hans næstu 10 ár. Skal þar áætluð þörfin innanlands fyrir þær vörur, er landbúnaðurinn getur annast um framleiðslu á, og athuguð skilyrði fyrir framleiðslu landbúnaðarvara til útflutnings. Skal síðan staðsetning framleiðslunnar miðuð, svo sem fært þykir á hverjum tína, við þá áætlun, og eftir því hvers konar búskapur hentar bezt hverjum stað. Einnig skulu af sömu aðilum gerðar tilraunir um, hvaða stærð búa sé hagkvæmust. Skal lánaveitingum Ræktunarsjóðs hagað í samræmi við þessa heildaráætlun og þá staðsetningu framleiðsluaukningarinnar, sem er samkvæmt henni.

- d. (7. gr.). Fjárhagsráð skal gera nákvæma áætlun um byggingu íbúðarhúsa fyrir næstu 5 ár, þar sem ákveðin sé gerð húsa og stærð og á hvaða stöðum þau skuli byggð, samkvæmt þörfinni fyrir íbúðir á hverjum stað, og skal miðað við það hvort tveggja að fullnægja íbúðarhúsaþörfinni fyrir þá staði, sem sérstaklega þurfa íbúðarhúsa vegna vaxandi framleiðslu, og svo hitt, að bæta sem skjótast úr húsnæðisvandráðum þeim, sem fyrir eru. Skal fjárhagsráð leita álits bæjar- og sveitarstjórna, svo og byggingarfélaga, áður en áætlunin er samin. Í samræmi við áætlun þess skal fjárhagsráð láta ráðstafa byggingarefninu til þessara staða. Skulu byggingarfélög launþega, samvinnubyggingarfélög og bæjar- og hreppsfélög hafa forgangsrétt að öllu efninu, enda myndi þau samtök sín á milli á hverjum stað til þess að annast byggingarnar og innkaup til þeirra í þeim tilgangi, að byggt verði sem ódýrast og bezt.
- Þessi áætlun skal birt strax og hún hefur verið samin, og send þeim aðilum, er hún varðar, svo að þeir geti gert við hana athugasemdir og breytingartillögur. Eigi skal þó fjárhagsráð láta slíkar tillögur tefja framkvæmd áætlunarinnar, en endurskoða skal hana á hverju missiri í ljósi þeirrar reynslu, sem þá er fengin. Lánveitingum lánsstofnana til bygginga skal hagað í samræmi við þessa áætlun fjárhagsráðs um íbúðarhúsabyggingar.
- Fjárhagsráði er heimilt að láta sérstaka starfsdeild, byggingardeild fjárhagsráðs, annast samning og framkvæmd þessarar áætlunar. Enn fremur að ákveða, að skömunum og innflutningur byggingarefnis sé í höndum þessarar deildar.
- e. (8. gr.). Fjárhagsráð skal auk þeirra sjónarmiða, sem ákveðin eru í 2. gr., stefna að því, hvað verzlunarrekstur landsmanna snertir, að spara fjármagn og vinnuafli það, sem nú er í verzluninni, svo sem verða má, og beina hvoru tveggja til framleiðslugreinanna. Skal það gert m. a. með því að takmarka með verðlagningarákvæðum og öðrum ráðstöfunum svo gróða þann, er ná megi í verzlunarrekstri, að svo miklu leyti sem hann er rekinn í gróðaskyni, að arðvænlegra þyki að setja fjármagn í framleiðsluatvinnugreinarnar.
- f. (9. gr.). Fjárhagsráð skal auk heildaráætlana sinna og séráætlana fyrir einstakar atvinnugreinar semja sérstakar áætlanir um þróun hinna einstöku byggðarlaga og landsfjórðunga. Skulu þær almennt miðaðar við lengri tíma en séráætlanirnar, og sé tilgangur þeirra að tryggja samfellda þróun atvinnulífs, byggingarstarfsemi og opinberra framkvæmda í þessum byggðarlögum. Skal ráðið einnig í slíkum áætlunum gera ráðstafanir til heppilegastrar þróunar eða uppkomu allstórra bæja í hinum ýmsu landsfjórðungum.
- g. (10. gr.). Fjárhagsráð skal að öðru jöfnu, þegar um er að ræða að koma upp nýjum fyrirtækjum, þar sem ekki er hagsýnt að hafa nema eitt, en fleiri keppast um að komast að, taka þau fyrirtæki, sem rekin eru með hag heildarinnar fyrir augum, svo sem fyrirtæki ríkis, bæjarfélaga, samvinnufélaga eða annarra almennra samtaka, fram yfir þau fyrirtæki, sem rekin eru af einstaklingum eða hlutafélögum í gróðaskyni.
5. Við 4. gr.
- a. Aftan við 1. málsgre. bætist: Þá skal og ráðið hafa samstarf við samtök launþega, bænda, fiskimanna og annarra framleiðenda um samning áætlana sinna og framkvæmd þeirra.
- b. Í 2. málsgrein bætist svo hljóðandi málsliður aftan við 1. málslið: Skulu lánsstofnanirnar síðan framfylgja fjárfestingaráætluninni og ákvörðunum hennar í lánastarfsemi sinni.
- c. Aftan við greinina bætist svo hljóðandi málsgrein:
- Fjárhagsráð skal beita sér fyrir og hafa forustu um skipulagningu þeirra átaka, er þjóðin gerir á sviði fjármála og atvinnulífs til þess að framfylgja á-

kvörðunum þess. Sérstaklega ber því að beita sér fyrir fjáröflun meðal þjóðarinnar til slíkra fyrirtækja og annast upplýsingastarfsemi um þau. Enn fremur skal ráðið gefa út leiðbeiningar til almennings um þær atvinnuhorfur, er séu í hinum ýmsu greinum eða ráðið hyggst að stuðla að.

6. Við 6. gr. Við greinina bætast nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Áætlanir fjárhagsráðs um heildarframkvæmdir hvers árs skulu, er þær hafa hlotið staðfestingu ríkisstjórnar, lagðar fyrir Alþingi í frumvarpsformi. Ber fjárhagsráði að leggja þær fyrir ríkisstjórn eigi síðar en 1. okt. ár hvert, og ber ríkisstjórn að hafa lagt þær fyrir Alþingi í því formi, er hún staðfestir þær, eigi síðar en 1. nóv., og er skylt að kveðja Alþingi til fundar um frumvörp þessi, ef þing er eigi háð á þeim tíma.

Séráætlanir fjárhagsráðs um þróun einstakra atvinnugreina eða byggðarlaga um ákveðin árabíl er eigi skylt að leggja fyrir Alþingi, fyrr en fjárhagsráði og ríkisstjórn þykir henta. Rétt hafa þó einstakir fjárhagsráðsmenn að leggja fram tillögur um þessi mál á Alþingi, ef meiri hluti ráðsins eða ríkisstjórn hafa hafnað tillögum þeirra um að æskja löggildingar Alþingis á áætlununum.

7. Við 7. gr. Aftan við greinina bætist:

Fjárhagsráð tekur við þeim verkefnum, sem nýbyggingarráði nú eru falin í ýmsum lögum, jafnskjótt og það hefur verið lagt niður.

8. Við 8. gr.

- a. Aftan við 1. málsg. bætist:

Óski verkamenn eða samtök þeirra eftir að fá að mynda á einstökum vinnustöðvum framleiðslunefndir, er hafi samstarf við viðkomandi atvinnurekendur um endurbætur þessar, skal þeim það heimilt, og skal fjárhagsráð þá að sínu leyti hafa samvinnu við slíkar framleiðslunefndir, jafnt sem atvinnurekandann um allt það, sem þá framleiðslu snertir. Slíkar framleiðslunefndir skulu hafa rétt til þess að fá aðgang að reikningum viðkomandi fyrirtækja til þess að geta gert tillögur um bætt rekstrarskipulag, betri hagnýtingu fjármagnsins, viturlegri innkaup eða sölu og sparnað við stjórn og rekstur fyrirtækisins.

- b. Aftan við greinina bætist:

Nú sækir fjármagn og vinnuafllandsmanna meir inn á sérstök atvinnusvið utan beinnar framleiðslustarfsemi en þörf er fyrir frá þjóðhagssjónarmiði, og skal þá fjárhagsráð rannsaka orsakir slíks og gera tillögur til ríkisstjórnar og ráðstafanir, að svo miklu leyti sem í þess valdi stendur, til þess að draga úr slíku aðstreymi. Samstarf skal hafa við samtök verkalýðsins og eigendur fjármagnsins um þessar aðgerðir, eftir því sem kostur er á.

9. Á eftir 8. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Fjárhagsráði er heimilt að fela atvinnudeild háskólans og rannsóknarráði ríkisins svo og öðrum rannsóknar- og vísindastofnunum ríkisins sérstök verkefni, er snerta rannsókn á auðlindum landsins, jafnt í jörðu sem sjó, og að gera tilraunir og rannsóknir varðandi hagnýtingu lífrænna sem ólífrænna efna, sem gildi gætu haft fyrir atvinnulíf landsmanna.

10. Við 12. gr. Við tölulið 1. bætist svo hljóðandi málsgrein:

Innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir framleiðslutæki og annað, sem greiðast á af nýbyggingarreikningi, skulu yfirleitt veitt þeim, sem ætla sér að nota eða starfrækja tækin. Nýir aðilar skulu hafa sama rétt til kaupa á atvinnutækjum og þeir, sem fyrir eru.